


Alþingi
Erindi nr. P 138/2899
komudagur 1.7.2010



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbref 5806301,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. júní 2010

Mál 658.

Veidimálastofnun barst til umsagnar mál 658 í þingskjali nr. 1258. frumvarp til laga um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir frekari endurskipulagi á Stjórnarráði Íslands. Veidimálastofnun heyrir nú undir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti en tilheyrði þar áður Landbúnaðarráðuneyti. Sameining Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyta var að mati okkar á Veidimálastofnun til góðs og ráðuneytið er nú öflugra og þar eru fagleg vinnubrögð stunduð.

Í frumvarpinu er boðað að til verði Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti með samruna Iðnaðarráðuneytis og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis auk fleiri breytinga. Jafnframt er í frumvarpinu heiti Umhverfisráðuneytis breytt í Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Í greinargerð er vísað til samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að Umhverfisráðuneyti fái auk fyrri verkefna lykilhlutverk varðandi rannsóknir, nýtingarstefnu, ráðgjöf og verndun á sviði auðlindamála. Sagt er að endurskoða þurfi stofnanakerfi beggja ráðuneyta og verkskiptingu milli ráðuneytanna. Þar er einnig rætt um þörf á nánu samstarfi þessara tveggja nýju ráðuneyta og m.a. lagt til stofnun nýtingar- og verndarráðs sjávarauðlindarinnar þar sem bæði ráðuneyti eiga aðkomu til að samræma starfið.


Við á Veidimálastofnun höfum áhyggjur af framtíð þeirrar starfsemi sem stofnunin nú sinnir. Stofnunin sinnir lögum samkvæmt rannsóknum á lífríki í fersku vatni og

rannsóknum á veiðinýtingu í ám og vötnum sem og fiskrækt og fiskeldi. Jafnframt sinnir stofnunin ráðgjöf á þessu sviði. Veiðinýting úr náttúrulegum stofnum verður að vera sjálfbær. Mjög mikilvægt er að rannsóknaraðilar séu í nánnum tengslum við notendur rannsóknanna til að þær nýtist strax og að rannsóknarþörfin sé skýr. Almenn ánægja ríkir meðal notenda um starf okkar og almennt standa nytjastofnar í ám og vötnum vel. Til dæmis er ástand íslenskra laxastofna mjög gott miðað við önnur lönd og arðsemi í nýtingu mikil. Stangveiði í ám og vötnum veltir 12-14 milljónum króna á ári, þar eru 1.200 ársstörf og er afar mikilvægt víða í dreifbýli auk þess að vera víða snar þáttur í ferðaþjónustu sem laðar hingað þúsundir erlendra ferðamanna. Eldi á ferskvatnsfiskum einkum bleikju er mikilvæg atvinnugrein sem skapar tugi starfa og miljarða verðmæti sem fara að mestu til útflutnings. Áhyggjur okkar felast í að þessi mikilvægu tengsl verði rofin með tilflutningi frá nýtingarráðuneyti eða tapist í stórrí stofnun sem sinna ætti mörgum öðrum skyldum. Við treystum því að við fáum að taka þátt í umræðu um hugsanleg vistaskipti á okkar starfsemi og öðrum skipulagsbreytingum sem kunna að verða því hér á bæ er reynslan og þekking á þörfunum.

Ef til vill væri ráðlegt að sameina starfsemi fyrirhugaðra ráðuneyta Atvinnuvega- og nýsköpunar og Umhverfis- og auðlinda í eitt enn stærra ráðuneyti (Atvinnuvega- og auðlindaráðuneyti). Þar með væri málefni allra auðlinda og nýtingar þeirra (verndun er eitt form nýtingar) komin undir samhæfða stjórn. Sama gilti um náttúrufarsrannsóknir. Meiri líkur væri á faglegri nálgun viðfangsefna í slíku skipulagi þar sem horft yrði til allra sjónarmiða. Eftir sem áður þyrfti að tryggja gott samband við þá sem náttúruna nýta og njóta.

Undirritaður er reiðubúinn að ræða þessi mál frekar ef að þingnefnd óskar eftir því.

Virðingarfyllt,



Sigurður Guðjónsson, forstjóri